

## 2 nýjir leikmenn

Skrifað af Rekstrarfélag Hattar  
Föstudagur, 11 Maí 2012 10:55

---



Enski markmaðurinn Ryan Allsop er genginn í raðir Hattar. Ryan spilaði 2 landsleiki fyrir u-17 ára landslið Englands á sínum tíma.

Ryan Allsop er fæddur á því herrans ári 1992 og er 1,90 á hæð. Hann hefur m.a. spilað fyrir lið W.B.A og Milwall.

Ryan kemur til með að mæta á sína fyrstu æfingu með Hetti í dag og spilar að öllum líkindum með liðinu gegn Þrótti R. á morgun.

Kristopher L. Byrd er 24 ára Bandaríkjamaður sem kom til Hattar á eigin vegum og vildi sanna sig, hann getur spilað sem vinstri bakvörður og vinstri kantmaður.

Kristopher hefur litið vel út á æfingum síðan hann kom. Hann verður í leikmannahópnum á móti Þrótt R.

## 2 nýjir leikmenn

Skrifað af Rekstrarfélag Hattar  
Föstudagur, 11 Maí 2012 10:55

---

Höttur.tv tekur viðtal við þá um helgina og birtum við þau við fyrsta tækifæri.